



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Furuskógur

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
4	Innra mat deilda 2024-2025	13
4.1	Birkilundur	13
4.2	Dvergasteinn	17
4.3	Grenilundur	20
4.4	Álfasteinn	25
4.5	Skógarlundur	27
4.6	Huldusteinn	30
5	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	37
6	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.	37
7	Foreldrasamvinna.....	37
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
9	Fylgiskjöl	38
9.1	Umsögn foreldraráðs	38
9.2	Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Reykjavíkurborgar	38
9.3	Læsisstefna.....	38
9.4	Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi veturinn 2024-2025.....	38



Leiðarljós Furuskógar

Við höfum kærleika og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi og menntun barna, sem stuðlar að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd. Sérstaða og sjónarmið hvers einstaklings eru virt, og stuðlað að því að börnin verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.


1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið sem senn líður undir lok einkennist af alls konar verkefnum. Okkur gekk illa að manna lausar stöður starfsmanna. En við tókum inn öll börn með bjartsýni að leiðarljósi að okkur gengi vel að finna nýtt starfsfólk. Því miður reynist það ekki ganga með þeim afleiðingum að grípa varð til fáliðunnar sem kom illa við börn og foreldra. Það tók mest allt skólaárið að glíma við þetta flókna verkefni. Það var ekki fyrr en í mars að leikskólinn var fullmannaður.

Á fyrsta skipulagsdegi skólaársins í ágúst fengum við fræðslu um útinám og til okkar kom Ævar Aðalsteinsson frá ITR, Miðstöð útivistar og útináms og fór með starfsmannahópinn í útinám sem öll höfðu gagn og gaman af. Við fengum Ævar til þess að finna fyrir okkur útinámssvæði og sem við köllum Lundinn. Við höfum öll verið að nýta svæðið og ætlum að halda áfram á þá leið. Markmiðið að heimsóknir í lundinn verði fastur liður í starfi deildanna.



Mynd af útisvæði



Markmið fyrir þetta skólaár var að vinna að endurgerð skólanámsskrár, með tilliti til endurgerðar kafla aðalnámsskrár. Því miður þá náðum við ekki þeim markmiðum að fullu sem við ætluðum okkur



Þetta skólaár. Við byrjum á að taka fyrir leikinn í nóvember. Skilaði sú vinna mjög góðri útkomu og ætlum við að halda áfram á fullum krafti á næsta skólaári.

Á kynningarfundum fyrir foreldra í september kviknaði sú hugmyndi í Furuskógi v/Áland að deildarnar væri saman með kynningu á vetrastarfinu. Okkur fannst útkoman frábær og því sem hún skilaði en þar kom greinilega fram hvernig unnið er að byggja smátt og smátt ofan á eftir þroska og aldri barnanna. Við tókum þessa kynningu upp á skipulagsdegi og starfsfólkið fékk innsýn inn í vinnu annarra deilda.

Starfsmannahópurinn fékk námskeið um skyndihjálp. Við tókum til notkunar nýja móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk, sjá viðauka 1, sem við bindum miklar vonir við. Fulltrúar frá okkur tóku þátt í þróunar- og rannsóknarverkefni um undirbúningstíma sem Menntavísindasvið Háskóla Ísland leiddi.

Deildarstjóri Skógarlundar tók þátt í vinnu starfshóps að búa til sameiginlega læsisstefnu fyrir leikskóla í Norðurmiðstöð, við erum stolt af útkomunni og hvetjum öll til að kynna sér hana.

Þrátt fyrir krefjandi verkefni skólans á skólaárinu ætla ég mér að horfa björtum augum fram á næsta skólaár enda eru mörg spennandi verkefni framunda sem ég hlakka til að taka þátt í og fá að leiða með mínum frábæra starfsmannahópi.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Gátlistar í <i>Viðmið og vísbendingar</i> og <i>Gátlisti fyrir leikskóla</i> vegna menntastefnu Reykjavíkurborgar fylltir út.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk skólans á hverri deild fyllti út gátlistana.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Í gátlistanum í <i>Viðmið og vísbendingar</i> kemur fram að langflest atriði sem metin voru í ár eru mjög góð/góð og eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.</p> <p>Þar eru þó nokkur atriði sem mætti bæta og ber þar helst að nefna samstarf í grenndarsamfélagi, s.s. við hjúkrunarheimili, listamenn o.fl.</p> <p>Það vantar starfsmannahandbók fyrir starfsfólk og er hún í vinnslu.</p> <p>Vöntun er á að allar stefnur, áætlanir og handbækur séu aðgengilegar starfsfólki.</p> <p>Vinna þarf með að börn setji sér sjálf markmið og vinni að þeim í starfinu, auk þess sem starfsfólki finnst skráningar ekki nægilega vel nýttar til að gera styrkleika barna sýnilega, og telur sig þurfa leiðbeiningar og stuðning til þess.</p> <p>Í gátlista vegna menntastefnunnar kemur einnig fram að langflest atriði eru í góðu standi, en nokkur atriði sem má bæta.</p> <p>Reglur skólans þurfa að vera skýrari, bæði fyrir börn og starfsfólk.</p> <p>Það þarf að skerpa á vinnu með Hugarfrelsi sem var innleidd í starfið fyrir nokkrum árum og leggja áherslu á að börnin þekki tilfinningar sínar og kunni aðferðir til núvitundar og slökunar.</p>





	<p>Það þarf að vinna að því að hjálpa börnum að þekkja styrkleika sína og vinna með þá.</p> <p>Eins þarf að vinna ítarlegar með fjölmenningu og heimamenningu barnanna.</p> <p>Í mati kemur einnig fram að hljóðvist í húsnæði við Efstaland er ábótavant og hefur það verið til skoðunar.</p>
--	--

Ytra mat


Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Viðhorfskönnun starfsmanna nóvember 2024 Foreldrakönnun 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður viðhorfskönnunar voru góðar. Þeir þættir sem krefjast úrbóta eru vinnuskilyrði m.t.t hljóðvistar og loftgæða og vinnuaðstöðu. Þessir þættir eru til skoðunar og úrbóta. Könnunin sýnir að við erum á réttri leið samkvæmt henni er góður starfsandi gætt að jafnrétti og starfsfólk finnur fyrir ánægju og stolti. Niðurstöður foreldrakönnunar voru góðar þrátt fyrir ýmsar áskoranir. Við munum halda áfram og markmið næsta skólaár er að styðja við foreldrasamstarf auka aðkomu foreldra að skipulagi leikskólastarfsins og inngildingu allra hópa.





Helstu niðurstöður - Þættir


Leikskólinn Furuskógur



Fimm hæstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík



Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsmannahandbók sé til fyrir starfsfólk skólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Það þarf að búa til starfsmannahandbók, leitað verður til leikskólastjórnenda sem hafa gert starfsmannahandbók og fengnar góðar hugmyndir þaðan auk þess sem upplýsingum sem eiga við um Furuskóg verður safnað saman og þær settar í handbókina. Gera þarf allar stefnur, handbækur og áætlanir aðgengilegar fyrir starfsfólk á einum stað og hvetja starfsfólk til að kynna sér efnið vel.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	31.05.2026 Er starfsmannahandbók tilbúin? 31.05.2026 Eru stefnur, handbækur og áætlanir skólans aðgengilegar starfsfólki á einum stað?
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Starfsmannahandbók er til og aðgengileg.





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stefnur, handbækur og áætlanir skólans eru aðgengilegar starfsfólki í einni möppu/tímaritaboxi í hvoru húsi.
---	--

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis og menntastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Börn setji sér sjálf markmið í skólastarfinu og starfsfólk aðstoðar þau við að vinna að þeim. Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika barna sýnilega og meta þroska þeirra og framfarir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk á deildum aðstoðar börnin við að setja sér markmið og vinna að þeim. Starfsfólk fær fræðslu um skráningar, hvernig þær eru gerðar og hvernig þær eru nýttar í skólastarfinu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri kalla eftir fræðslu um skráningar. Starfsfólk nýtir fræðsluna og prófar sig áfram.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgt eftir á deildarstjórafundum og spurt hvernig gengur auk þess sem rýnt verður í stöðuna á skipulagsdegi í maí.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn setja sér sjálf markmið í skólastarfinu og starfsfólk aðstoðar þau við að vinna að þeim. Skráningar eru nýttar til að gera styrkleika barna sýnilega og meta þroska þeirra og framfarir.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis og menntastarf - námsaðstæður
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Hljóðvist sé viðunandi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera á framkvæmdir í húsnaði skólans við Efstaland þar sem hljóðdempandi efni verður sett á vegg og rými deildar sem er opið í dag verður lokað með vegg.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur og framkvæmdaaðilar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætlað er að verkið hefjist í sumarlokun skólans í júlí 2025 og ljúki áður en skólinn opnar í ágúst 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skoða stöðuna í húsinu, hvort framkvæmdir hafi farið fram þegar skólinn opnar að sumarleyfi loknu í ágúst 2025.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hljóðvist er innan viðmiðunarmarka Vinnuverndar. Hljóðdempandi efni hefur verið komið fyrir samkvæmt áætlun arkitekta og opnu rými lokað með vegg og hurð.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Menntastefna - Félagssfærni
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Reglur skólans þurfa að vera skýrar, bæði fyrir börnum og starfsfólki.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leita á í smiðju leikskólans Aspar í Breiðholti og setja niður skriflegar reglur fyrir hvert svæði leikskólans, þar sem einnig koma fram helstu kennslu- og námstækifæri sem eiga við á hverju svæði.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram í maí 2026. Rýnt verður í stöðu verkefnisins og árangur á deildarstjórafundi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Reglur og kennslu- og námstækifæri á hverju svæði leikskólans eru skýr, bæði starfsfólki og börnum.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Menntastefna - Læsi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Vinna með fjölmenningu og heimamenningu barna er hluti af starfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikskólastjórnendur og verkefnastjóri fjölmenningar, ásamt deildarstjórum þurfa að ræða hvaða leiðir henta til að vinna að þessu markmiði. Setja niður áætlun og vinna að henni.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri fjölmenningar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram í maí 2026. Rýnt verður í stöðu verkefnisins og árangur á deildarstjórafundi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Vinna með fjölmenningu og heimamenningu barna er eðlilegur hluti af starfi skólans.





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Birkilundur

Í vetur 2024/2025 voru 16 börn fædd árið 2021, 2022 og 2023 á Birkilundi.

Sjálfsþing, félagsþærni og læsi:

Við höfum lagt mikla áherslu á að skapa námsumhverfi sem mætir börnunum á þeirra eigin forsendum. Á þessu skólaári sáum við tækifæri til að efla sjálfstæði nemenda með því að auka ábyrgð og stuðla að sjálfsþingu barna í matartímum. Börnin æfðu sig meðal annars í því að skammta sér sjálf meðlæti á diskinn og fengu hníf til að skera matinn sinn, en fengu að sjálfsögðu aðstoð þegar þess þurfti.

Eftir að börnin höfðu lokið máltíðinni skildu þau glösin sín eftir á matarvagninum og fóru sjálf inn á baðherbergi til að þvo sér um hendur. Þar sem þessar aðgerðir heppnuðust afar vel var ákveðið að viðhalda þessu skipulagi og vinnubrögðum. Því telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Auk þess sáum við tækifæri til að auka þátttöku barna í daglegu lýðræðislegu starfi leikskólans og efla sjálfstæði þeirra með því að innleiða og styrkja hlutverk barna í daglegum verkum. Börnin tóku að sér skiptihlutverk sem umsjónarmenn, til dæmis sem dótastjórar og þjónar. Þar sem þessar aðgerðir gengu vel var einnig ákveðið að viðhalda þessu skipulagi og vinnubrögðum. Því telst þessum umbótaþætti einnig lokið í bili.

Á Birkilundi eru yngstu börn leikskólans, og mörg þeirra eru enn ekki komin með fullt vald á tungumálinu. Þá sækja einnig tvítýngd börn leikskólann, með íslenskukunnáttu á ólíkum stigum, allt frá því að tjá sig lítið yfir í að vera altalandi. Sjónrænt dagskipulag getur hjálpað börnum að lesa í umhverfið sitt, skilja dagskipulagið, hvað kemur næst og hvað á sér stað hverju sinni. Því settum við upp sjónrænt dagskipulag við hvert borð. Þar sem þessi innleiðing gekk vel, var ákveðið að viðhalda þessu skipulagi og vinnubrögðum. Því telst þessum umbótaþætti einnig lokið í bili.

Heilbrigði: Hugarfrelsi, festa í dagskipulag.

Við á Birkilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna, bæði andlega og félagslega. Við förum daglega, einu sinni til tvisvar sinnum, út í garð þar sem börnin fá tækifæri til





að hreyfa sig, klifra, hlaupa, hjóla o.fl. Einnig förum við reglulega í útinám með það að markmiði að auka þol og úthald barnanna.

Á haustönn 2020 hófum við innleiðingu á aðferðum Hugarfrelsis, sem snúast um núvitund og slökun.

Þrátt fyrir að við höfum sett okkur það markmið í fyrri umbótaáætlunum að halda reglulega og skipulega hugarfrelsis tíma, hefur það ekki tekist sem skyldi. Við hófum notkun öndunar- og slökunaraðferða, en unnum ekki markvisst með þær.

Niðurstaða deildarstarfsmanna var að þörf væri á að skipuleggja hugarfrelsis tíma betur og festa þá í dagskipulagið – en jafnframt innleiða þá í litlum skrefum. Því var ákveðið að hefja samverustundir á slökunaröndun og bæta öðrum aðferðum við eftir því sem starfsfólk tileinkar sér þær.

Þó sumir starfsmenn hafi þegar byrjað að nýta aðferðir Hugarfrelsis í samveru- og söngstundum, hafa ekki allir í deildinni tileinkað sér þær enn.

Styrkleikar

Aðferðir Hugarfrelsis geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðla að betri einbeitingu.

Tækifæri

Við höldum áfram að innleiða hugarfrelsis tíma í litlum og markvissum skrefum.

Birkilundur/1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innleiðing á Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss innleiðing hugarfrelsis tíma og virk þátttaka allra starfsmanna, í litlum og raunhæfum skrefum..





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja dagskipulagið með það að markmiði að æfingar úr bók Hugarfrelsis verði samþættar daglegu starfi leikskólans.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deild
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá júní 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega endurmetið hvernig framkvæmd hugarfrelsistímanna hefur gengið og gengur áfram. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður rætt hvort börnin hafi einnig notað æfingarnar heima. Börnin verða spurð í einstaklingsviðtölum um líðan sína í hugarfrelsistímum.

Læsi:

Í ritinu *Læsi í leikskólum Norðurmiðstöðvar* er meðal annars talað um um málþroska barna sem er þróaður á fyrstu æviárum og tengist náíð getu þeirra til að tjá sig, mynda minningar og eiga samskipti. Tungumálið er þannig grundvöllur félagslegrar og námslegrar færni (Owens, 2015). Rannsóknir sýna að orðaforði er lykilþáttur í góðum námsárangri og því ber leikskólanum að styðja markvisst við málþroska með lestri, söng, leik og samtölum. Við grunnskólagöngu hafa börn oft þróað með sér fjölbreyttan orðaforða og getu til að nota flóknar setningar (Þóra Másdóttir, 2019). Þóra bendir á að börn tileinki sér máhljóð á sambærilegan hátt óháð móðurmáli og vísar til Jakobson (1980), sem taldi hljóðkerfispróun barna meðfædda og svipaða hljóðkerfi fullorðinna, þó einfaldari í upphafi.

Læsi og málþroski eru grunnstoðir í leikskólastarfi og fléttast inn í allt daglegt starf, í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla (2011). Á Birkilundi er unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*, þar sem Lubbastafir og tákn eru sýnileg og tengd við námsefni. Starfsmenn deildarinnar eru sammála um að auka megi enn frekar áhersluna á söngva og lög sem tengjast Lubba. Því var ákveðið að setja sérstakan dag í vikulegu skipulagi fyrir Lubbasamverustundir.





Styrkleikar

Aðferðirnar í *Lubbi finnur málbein* eru styrkleikarík nálgun þar sem samþætting hreyfingar, sjónar og heyrnar stuðlar að öflugri máhljóðavitund og styður við málþroska barna á leikrænan og áhugavekjandi hátt.

Tækifæri

Við setjum sérstakan dag í vikulegu skipulagi fyrir Lubbasamverustundir.

Birkilundur/1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Festa Lubbasamverustundir í vikulegu skipulagi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss innleiðing fasta lubbasamverustundir og virk þátttaka allra starfsmanna, í litlum og raunhæfum skrefum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja dagskipulagið með það að markmiði að hafa einn fastan dag fyrir lubbasamverustundir.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá júní 2025 til maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega endurmetið hvernig framkvæmd lubbasamverustunda hefur gengið og gengur áfram. Í foreldraviðtölum á haustin og vori verður rætt hvort börnin hafi einnig notað og talað um Lubba heima. Börnin verða spurð í einstaklingsviðtölum um líðan sína í lubbasamverustundum.





4.2 Dvergasteinn

Veturinn 2024-2025 voru 13 börn á Dvergasteini, sjö fædd 2021, fjögur fædd 2022 og tvö fædd 2023. Deildin skiptist í átta stráka og fimm stelpur. Fyrir áramót voru 4 starfsmenn á deildinni, þrír í 100% stöðu og einn vann tvo daga í viku. Eftir áramót vorum við enn þá fjórar í janúar en þrjár í febrúar. Það byrjaði síðan nýr starfsmaður hjá okkur í byrjun mars og er í 100% stöðu. Í byrjun skólaárs var helsta markmið hjá Dvergasteini að hjálpa börnunum að aðlagast því að vera á leikskóla. Lögð var áhersla á að börnunum liði vel og fyndu fyrir öryggi í leikskólanum, bæði í kringum starfsfólk og börn, lærðu rétta félagsfærni og tækju þátt í ýmsi konar starfsemi sem boðið er upp á á Dvergasteini. Í vetur var markmið okkar á Dvergasteini að vinna með félagsfærni, sjálfshjálp, heilbrigði og útinám.

Félagsfærni

Félagsfærni er stór hluti af starfinu okkar á Dvergasteini. Við kennum félagsfærni allan daginn í öllum aðstæðum. Í vetur hefur verið haldið áfram að kenna félagsfærni eins og á seinustu árum og hefur það gengið sæmilega.

Það sem gekk vel:


- Starfsmenn hafa verið mjög duglegir að vera í leik með börnunum sem gaf okkur tækifæri til að aðstoða börnin þegar kemur að félagsfærni og þekkingu þeirra á tilfinningum.
- Við höfum talað opinskátt um tilfinningarnar okkar við börnin og hjálpað þeim að leggja orð á sínar tilfinningar.
- Við bættum við sjónræna félagsfærnikennslu eins og við ætluðum að bæta við í vetur þar sem við settum myndir á vegg með alls konar félagsfærnireglum og reglunum okkar á deildinni.

Tækifæri til umbóta

- Bæta við félagsfærni sögum í samverustundum.





UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Félagsfærni 	Lesið meira af bókum sem að efla félagsfærni hjá börnunum	Ákveðnar bækur eru valdar í byrjun mánaðar og þær lesnar yfir mánuðinn.	Allir starfsmenn deilda rínnar	Sept	Maí	Deildarfundir eru nýttir til að fara yfir félagsfærni barnanna á deildinni.	Að auðvelda börnum að læra félagsfærni með sögum
	Auka þekkingu barnanna á tilfinningum og jákvæðum samskiptum	Hafa sjónrænar myndir af tilfinningum á veggjum.	Allir starfsmenn deilda rínnar	Sept	Maí	Spyrja börnin í byrjun annar og svo í lok annar hvaða tilfinningu þau sjá á myndinni.	Að börn séu fær um að tjá tilfinninga þeirra með orðum og öðlast færni í jákvæðum samskiptum.

Heilbrigði

Eitt markmið sem sett var í seinustu umbótaráætlun var að auka slökun og núvitundaræfingar inn í starfið á deildinni. Við náðum ekki að vinna með heilbrigði í vetur eins og við ætluðum okkur. Við ætlum að geyma þennan þátt á næsta skólaári og einbeita okkur að.





Útinám

Í vetur hefur gengið mjög vel að fara í útinám. Við settum útinámsdaga á fimmtudögum og náðum að fara eftir plani í flestum tilfellum. Sumar útinámsferðir voru skipulagðar en aðrar ekki.

Það sem gekk vel:

- Héldum okkur yfirleitt við að fara í útinám á fimmtudögum.
- Náðum að fara á bókasafnið einu sinni í viku.
- Undirbyggum börnin vel fyrir ferðirnar
- Nýttum ferðirnar til að kenna náttúrulæsi
- Við byrjuðum á útinámsmöppu

Tækifæri til umbóta:

- Fara oftar en einu sinni í viku í útinám
- Nýta okkur lundinn meira í útinámi

UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Útinám (Lundurinn)	Fara í lundinn 1x í viku	Nýta aðstöðu leikskólans í lundinum oftar. Hafa til dæmis samverustu ndir, föndur og fleira í lundinum.	Allir starfs menn deilda rinnar	Okt	Maí	Deildarfundir og undirbúningur starsmanna nýttir til að skipuleggja ferðirnar og endurmeta.	Að börnin öðlist færni sem þarf í útinámi.





Sjálfsfelling

Við höfum lagt mikla áherslu á sjálfsfellingu í vetur. Börnin ganga frá eftir sig sjálf, finna fötin sín og æfa sig að klæða sig sjálf. Elstu börnin skammta sér sjálf á diskinn og skera matinn sinn sjálf. Yngri hópurinn skammtar sér grænmeti sjálf. Planið var að hafa flæði í hádegismatnum en vegna rýmis tókst það ekki.

Styrkleikar

- Börnin hafa náð miklum framförum í sjálfshjálp og hafa mjög gaman af því að gera hlutina sjálf.
- Við höfum veitt börnunum tækifæri til að hjálpa sér sjálf.
- Gefa börnunum tækifæri til að skammta sér sjálf í matartímum.

Tækifæri til umbóta

- Yngri hópurinn skammta sér sjálf.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling 	Börnin skammta sér mat í hádeginu	Börn skammta sér mat á diskinn.	Allir starfsmenn deilda rinnar	Okt	Maí	Deildarfundir nýttir til að fara yfir hvernig gengur, hvað virkar og hvað virkar ekki.	Börnin auki sjálfstæði inná deild.

4.3 Grenilundur

Á Grenilundi eru börnin 21. Að þessu sinni vorum við með tvo árganga, 2020 og 2021. Mannauðurinn samanstóð af fjórum starfsmönnum, einn af þeim með annað móðurmál en íslensku.

Áherslan hjá okkur að þessu sinni var **félagsfærni** og **sjálfsfelling** og einkunnarorð skólans **gleði, vinsemd** og **virðing** skein í gegn um starfið hjá okkar.





Styrkleikar

Helstu styrkleikar Grenilundar þennan veturinn var að innleiða sjónrænt skipulag fyrir barnahópinn, t.d. Daglegar athafnir, myndrænar merkingar fyrir svæði, myndrænar merkingar fyrir sæti við matartímann, tímavaka, val á morgnana og hringekju með föstum hópum. Lögð var áhersla á að gefa börnunum skýr fyrirmæli og efla þátttöku þeirra á deildinni.

Við erum búin að innleiða tvískiptar samverustundir, þar sem umsjónarmaður fer yfir dagskipulagið á morgnana. Við erum líka búin að innleiða lestrarsamveru fyrir hádegismat og byrjum í hringekju beint eftir hádegismat.

Við erum búin að innleiða flæði í síðdegishressingu þar sem börnin koma í sínum hópum og koma að vagninum og sækja sér matinn sjálf. Eftir matinn ganga þau frá disk, glasi og hnífapörum.

Við erum búin að auka þátttöku barna í lýðræðislegu starfi leikskólans og efla sjálfstæði þeirra með því að innleiða og styrkja hlutverk barna í daglegum verkum. Börnin tóku að sér skiptihlutverk t.d. sem umsjónarmenn, dótastjórar og veðurfræðingar.

Við náðum ekki að hafa Lubba stundir eins og við ætluðum. Við ætlum að setja inn sérstakan dag í vikulegu skipulagi fyrir Lubba samverustundir.

Við viljum innleiða hugarfrelsi í litlum og markvissum skrefum. Því var ákveðið að hefja samverustundir á slökunaröndum og bæta öðrum aðferðum við eftir því sem starfsfólk tileinkar sér.

Við viljum innleiða fleiri útinámsferðir með markvissri kennslu og festa það í dagskipulagi.

Grenilundur/3-4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)

Festa útinám í vikulegu skipulagi

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Markviss innleiðing útinámsferða.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja dagskipulagið með það að markmiði að hafa einn fastan dag fyrir útinámsferðir
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá ágúst 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega endurmetið hvernig framkvæmd útinámsferða hefur gengið og gengur áfram. Í foreldraviðtölum á haustin og vori verður rætt hvort börnin hafi talað um útinámsferðir heima. Börnin verða spurð í einstaklingsviðtölum um líðan sína og væntingar/upplifun í útinámsferðum.

Læsi:

Á Grenilundi er unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*, þar sem Lubbastafir og tákn eru sýnileg og tengd við námsefni. Starfsmenn deildarinnar eru sammála um að auka megi enn frekar áhersluna á söngva og lög sem tengjast Lubba. Því var ákveðið að setja sérstakan dag í vikulegu skipulagi fyrir Lubbasamverustundir.

Styrkleikar

Aðferðirnar í *Lubbi finnur málbein* eru styrkleikarík nálgun þar sem samþætting hreyfingar, sjónar og heyrnar stuðlar að öflugri máhljóðavitund og styður við málproska barna á leikrænan og áhugavekjandi hátt.

Tækifæri

Við setjum sérstakan dag í vikulegu skipulagi fyrir Lubbasamverustundir.

Grenilundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Festa Lubbasamverustundir í vikulegu skipulagi





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss innleiðing fasta lubbasamverustundir og virk þátttaka allra starfsmanna, í litlum og raunhæfum skrefum..
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja dagskipulagið með það að markmiði að hafa einn fastan dag fyrir lubbasamverustundir
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá júní 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega endurmetið hvernig framkvæmd lubbasamverustunda hefur gengið og gengur áfram. Í foreldraviðtölum á haustin og vori verður rætt hvort börnin hafi einnig notað og talað um Lubba heima. Börnin verða spurð í einstaklingsviðtölum um líðan sína í lubbasamverustundum.

Heilbrigði: Hugarfrelsi, festa í dagskipulag

Við á Grenilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna, bæði andlega og félagslega. Við förum daglega, einu sinni til tvisvar sinnum, út í garð þar sem börnin fá tækifæri til að hreyfa sig, klifra, hlaupa, hjóla o.fl. Einnig förum við reglulega í útinám með það að markmiði að auka þol og úthald barnanna.

Á haustönn 2020 hófum við innleiðingu á aðferðum Hugarfrelsis, sem snúast um núvítund og slökun.

Þrátt fyrir að við höfum sett okkur það markmið í fyrri umbótaáætlunum að halda reglulega og skipulega hugarfrelsistíma, hefur það ekki tekist sem skyldi. Við höfum notkun öndunar- og slökunaraðferða, en unnum ekki markvisst með þær.

Niðurstaða deildarstarfsmanna var að þörf væri á að skipuleggja hugarfrelsistíma betur og festa þá í dagskipulagið – en jafnframt innleiða þá í litlum skrefum. Því var ákveðið





að hefja samverustundir á slökunaröndun og bæta öðrum aðferðum við eftir því sem starfsfólk tileinkar sér þær.

Þó sumir starfsmenn hafi þegar byrjað að nýta aðferðir Hugarfrelsis í samveru- og söngstundum, hafa ekki allir í deildinni tileinkað sér þær enn.

Styrkleikar

Aðferðir Hugarfrelsis geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðla að betri einbeitingu.

Tækifæri

Við höldum áfram að innleiða hugarfrelsisstíma í litlum og markvissum skrefum.

Grenilundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innleiðing á Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss innleiðing hugarfrelsisstíma og virk þátttaka allra starfsmanna, í litlum og raunhæfum skrefum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja dagskipulagið með það að markmiði að æfingar úr bók Hugarfrelsis verði samþættar daglegu starfi leikskólans.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá júní 2025 til maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega endurmetið hvernig framkvæmd hugarfrelsisstímanna hefur gengið og gengur áfram. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður rætt hvort börnin hafi einnig notað æfingarnar heima. Börnin verða spurð í einstaklingsviðtölum um líðan sína í hugarfrelsisstímum.





4.4 Álfasteinn

Á þessu skólaári unnum við með vináttuna og fjölbreytileikann en leikskólinn er jafnframt með Regnbogavottun. Skólaárið hófst á að fjalla um vináttu og við áminnum á það allt skólaárið, hvernig við komum fram við hvort annað og að við erum ekki öll eins. Við spjöllum um vináttu og fjölbreytileikann, lesum bækur um viðfangsefnið í samverustundum og syngjum lög þar sem við meðal annars breytum textum og syngjum líka: Dúkkan hans Dóra, Ég heiti Lína Langsokkur og kraftajötunn er. Einnig höfum við verið að leggja inn málhjóð og táknhreyfingar *Lubba*, framsögn, form og tölustaf. Við kynnum einn staf í byrjun vikunnar í Lubbastund og rifjum upp hvað var í síðustu viku og erum með hann út vikuna. Við útbjuggum Lubba horn þar sem börnin geta verið með Lubba í leik, í spjalli eða samtímis öðru. Í Lubba horninu eru 8 Lubbar, málbein Lubba, tákn Lubbastafa, leggjir og skeljar, verðlaust efni og myndir af fjölbreytilegu fólki. Í fyrra færðum við Lubbahornið og þá var Lubbi ekki eins mikið notaður í frjálsum leik svo við færðum hann aftur þar sem hann var og börnin fóru aftur að nota Lubba í sjálfsprottinn leik. Við settum skyntjaldið nær hurðinni út í garð til að hafa svalara í tjaldinu, keyptum fjögur ljós í skyntjaldið og erum með púða, teppi og slæður í tjaldinu. Sjálfsprottinn leikur hjá börnunum hefur aukist mikið, þau meðal annars velja sjálf hvaða börn eru með þeim í leik og hvað þau vilja gera og hvað lengi þau eru í leiknum. Kennararnir minna þau á að ef þau skipta þurfa þau að ganga frá eftir sig fyrst. Sá sem var þjónn deginum áður fær að segja hver er þjónn í dag og hefur það vakið mikla lukku meðal barnanna og eru þau í leiðinni að æfa frásögn með því að segja hvernig næsti þjónn er klæddur, hvernig næsti þjónn lýtur út, hvaða staf hann á o.s.frv. Umbótaáætlun er komin í dagbókina okkar og er mjög sýnileg hjá okkur og við ánægð með það. Aftur gleymdist að fara ýtarlega í styrktar orð mánaðarins og ætlum við að sleppa þeim.

Við fórum á Árbæjarsafnið með börnin, 9 sinnum á bókasafnið í sögustund hjá Brynhildi í Kringlubókarsafninu og tókum 4 sinnum í myndlæsi hjá Ingibjörgu og Mörtu í Listasafni Íslands.

Við spurðum börnin: Hvernig er í útináminu? og Hvernig finnst þér Lubbi?

Útinám- 17 börn af 19 voru jákvæð og 2 neikvæð.

Lubbi- 16 börn voru jákvæð, 1 vildi ekki svara og 2 neikvæð.

Við ætlum að halda okkar striki og breyta engu hvað varðar útináminu og Lubba innlögn.

Næsta haust 2025 og vor 2026






UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Myndlæsi</p>  <p>Félagsfærni</p>	Myndlæsi Eftir tíma í myndlæsi hjá Lí ætlum við að vera dugleg að vinna með listaverkin áfram sem eru tekin fyrir.	Hengja upp mynd af listaverkinu og listamanninum. Gera eitthvað með börnunum tengt ákv. verki	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2025	Í maí 2026	Deildarfundir til að meta og ræða hvernig gengur.	Myndlæsi, börnin læra ný orð, læra að lesa í /um listaverk, skúlptúra og myndræn verk

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Lundurinn</p>  <p>Félagsfærni</p>	Fengu, úthlutað svæði í hverfinu fyrir útinám. Ætlum að finna dag/daga þar sem við erum í Lundinum með útinám.	Ræða við hinar deildarnar, hvaða dag við megum vera og tíma. Finna nafn á lundinn?	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2025	Í maí 2026	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.	Erum með fast svæði (grendasvæði) fyrir útinám sem við deilum með báðum húsunum.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Skyn tjald</p>  <p>Félagsfærni</p>	Skyndót keypt til að nota í tjaldinu.	Deildarstjóri kaupir eða ýtir á yfirmenn að kaupa skyndót fyrir tjaldið.	Deildarstjóri	Í sept/okt. 2025	Í des 2025	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.	Börnin hafi ljós, skyndót til að þreifa á/ róa sig/ finna sig/ njóta

4.5 Skógarlundur

Veturinn 2024-2025 voru 21 barn hjá okkur á Skógarlundi. Áherslur frá síðustu umbótaáætlun voru markvissar samverustundir, reglulegir deildarfundir, faglegt starf, innleiðing flæðis og lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna. Helstu áskoranir þetta skólaár tengdust mönnun leikskólans og setti það svip sinn á daglegt starf.

Styrkleikar

Margt gott átti sér stað síðasta vetur á Skógarlundi. Samverustundirnar urðu smám saman markvissari og reglulegar þegar leið á veturinn. Innleiðing flæðis í matartímum gekk vonum frammar og sama á við um lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna í skipulagi leikskólastarfsins.

Annars er starfið í sífelldri þróun inni á Skógarlundi og samstarf starfsfólksins mikið við þróun starfsins.

Tækifæri

Ekki tókst að koma á reglulegum deildarfundum þetta skólaárið enda mikið um manneklu og lítið svigrúm til umráða. Þar af leiðandi verður enn tækifæri til að bæta úr því fyrir næsta skólaár.

Faglegt starf var vissulega meira þetta skólaár en markmiðið er að halda áfram í þeirri vegferð og innleiða markvissara faglegt starf með notkun Lubba, leikur að læra, hljóm og stafræna tækni.





Skógarlundur – Börn 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Faglegt starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markvissara faglegt starf innan deildar þar sem unnið er með ólíka þætti, t.d. hljóm, lubba, stafræna tækni, leikur að læra og sköpun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar skipuleggur námsstundir sem hluta af vikulegu skipulagi. Útbýr jafnvel kennsluáætlun fyrir áramót og aðra eftir áramót.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu í sameiningu við starfsfólk deildarinnar og saman sjá þau um að framkvæma áætlunina.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir á deildarfundum stöðuna á þessum námsstundum, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Breytingar gerðar o.s.frv..

Skógarlundur – Börn 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Reglulegir deildarfundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Koma á reglulegum deildarfundum. Lágmark 1x í mánuði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið í samstarfi við Birkilund og Grenilund. Festum jafnvel niður dagsetningar eða tíma fyrir fundina. Útbúa plan fram í tímann fyrir slíkt.
Ábyrgð	Deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagningu funda, setja upp dagskrá fyrir hvern fund og t.d. skipa hlutverk innan





	starfsmannahópsins (ritari, tímavörður o.s.frv..) – deila ábyrgðinni. Fara yfir verkefni og áherslur mánaðarins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í desember og maí, telja fundina sem voru haldnir á þeim tímum sem þeir voru skipulagðir eða fundnir aðrir tímar ef einhver fundur dettur út.

Skógarlundur – Börn 4-5 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Farið vikulega í útinám og unnið með fjölbreytt verkefni eða samverustundir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vikulegar útinámsstundir eru settar inn í dagskipulag. Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar ákveður og undirbýr stundir fyrir útinám.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu í sameiningu við starfsfólk deildarinnar og saman er séð um að framkvæma áætlunina.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir á deildarfundum stöðuna á útinámi, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Breytingar gerðar o.s.frv.. Jafnvel tekið saman stundirnar sem hafa verið gerðar.





4.6 Huldusteinn

Í vetur voru 16 dásamleg og skemmtileg börn á Huldusteini, 11 börn fædd 2019 sem eru að fara í skóla í haust og 5 börn fædd 2020 sem verða hjá okkur aftur næsta vetur. Það kom drengur til okkar í haust sem er með einhverfu og er því með stuðning, en það hafa orðið miklar og jákvæðar framfarir hjá honum eins og öllum hinum börnunum.

Við höfum haldið áfram með hlutverkin í vetur sem við byrjuðum á í fyrra og börnin eru mjög áhugasöm og sinna sínum störfum af alhug. Það eru alltaf tvö börn í hverju hlutverki á dag og þau eru þjónar sem sjá um matartímana, fataklefastjórar sem segja til um hvaða fatnað á að fara í hverju sinni og hengja upp myndrænt í fataklefa svo allir sjái ásamt að sópa klefann, og síðan eru það vinastjórar sem sjá um að allir hafi einhvern að leika við og hjálpa öðrum ef með þarf, sjá til þess með aðstoð kennara að öllum líði vel.

Barnasáttmálinn:

Í vetur tókum við fyrir að börnin viti réttindin sín, þ.e.a.s. að allir eigi rétt á heimili, vera jöfn þótt við séum ekki eins, vernd og öryggi.

- **Styrkleikar:** Börnin á deildinni eru mjög passasöm á hvort annað og að allir fái og geri eins. Þau sýna hvort öðru mikla tillitssemi og góðvild. Við höfum verið með framsögn og tjáningu reglulega í vetur eins og undanfarna vetur og þar læra börnin að tjá sig, og verða því alltaf öruggari og öruggari sem hjálpar þeim þegar þau koma út í lífið að vera sjálfstæð og líða vel í eigin skinni þótt við séum ekki eins eða með sömu þarfir.
- **Tækifæri til umbóta:** Að fræða börnin enn frekar um réttindi sín svo þau geti staðið uppi sem sjálfstæðir og gagnlegir þjóðfélagsþegnar og láti ekki brjóta á sér.

Tónlist:

Við höfum verið mjög dugleg að syngja á Huldusteini í vetur eins og alltaf, hvort sem er inn á deildinni eða í sameiginlegum söngstundum, einnig að fara í alls kyns leiki og hreyfingu með söng, látbragði og tónlist. Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins eins og við höfum gert í mörg ár sem endaði með fjöldasöng í Hörpu. Löggin sem voru valin þetta árið voru eftir Braga Valdimar og bar yfirskriftina „Leikur að





orðum“. Tónleikarnir heppnuðust mjög vel og börnin voru ótrúlega dugleg og miklir snillingar.

- **Styrkleikar:** Við syngjum og dönsum mikið eins og fram hefur komið og börnin eru dugleg að læra texta og tileinka sér hreyfingar ef við á. Allt þetta eykur sjálfstæði og öryggi barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Það sem við ætluðum að leggja mikla áherslu á í vetur var að vera dugleg að láta börnin nota hljóðfæri með söng. En við eigum eftir að bæta úr því og okkur hlýtur að takast það einn daginn.

Lífsleikni:

Við höfum verið að vinna með núvitund í vetur sérstaklega í samverustundum, þá annað hvort með æfingum sem við sitjum við eða liggjum á gólfinu eða grasinu þegar við erum úti. Við erum að gera allskyns öndunar- og munnæfingar ásamt líkamsæfingum.

- **Styrkleikar:** Börnin eru mjög dugleg að gera æfingarnar og þeim líður vel, þetta eykur bæði andlega og líkamlega vellíðan barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höfum ekki verið dugleg að skipta börnunum í minni hópa til að fara í hugarfrelsis stundir né að nota hugarfrelsis spjöldin. Við ætlum að bæta úr því næsta vetur.

Útinám og umhverfislæsi:

Við höfum verið mjög dugleg að fara í markvisst útinám í vetur, að jafnaði tvisvar sinnum í viku fyrir utan ferðir eins og á bókasafnið og íþróttasal Víkings sem er farið í reglulega ásamt öðrum heimsóknum á ýmis söfn. Einnig út að leika frjálst einu til tvisvar sinnum á dag. Í skipulögðu ferðunum er farið í alls kyns leiki, náttúran uppgötvuð og gerðar tilraunir eða fönðrað úti eða með efniviðinn þegar komið er til baka í leikskólann eins og með köngla, trjágreinar o.fl. sem við finnum.

- **Styrkleikar:** Börnin eru orðin mjög örugg í okkar nánasta umhverfi með þessum ferðum um Fossvogsdalinn og það hjálpar þeim þegar þau byrja í grunnskóla og eru ekki lengur innan girðingar og öryggisins á leikskólanum. Útinám og leikir auka einnig úthald og þol, mikla samkennd og tillitssemi í garðs hvors annars og ekki síst ánægju og gleði.





- Tækifæri til umbóta: Við höfum verið mjög dugleg og hugmyndarík með útinámið í vetur enda hefur það verið markvist hjá okkur. Ásamt því að fylgjast með breytingum í náttúrunni og dýralífinu.

Félagsfærni / gildi 3. gleði, virðing og vinsemd:

Við leggjum mikla áherslu á félagsfærni strax að hausti og vinnum áfram með hana út allan veturinn því hún skiptir mestu máli í uppeldi og velferð barnanna og kemur til með að fylgja þeim út lífið. Eftir því sem börnin eru sterkari félagslega þá eykur það vellíðan þeirra og þau verða sterkari og sjálfstæðari einstaklingar sem eiga betur með að takast á við lífið og tilveruna. Við notum orð eins og hjálpsemi, tillitssemi, þolinmæði, traust og taka ábyrgð. Við notumst við bækur, sögur, söng og spjall. Einnig tölum við um einelti og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir það.

- **Styrkleikar:** Það er búið að vera mjög gaman að vinna með þennan hóp í vetur því þau eru öll svo miklir vinir og sýna hvort öðrum svo mikla virðingu og vinsemd. Þeim líður öllum vel og þegar svo er þá er svo gaman. Börnin hafa líka eflst í sjálfstæði, öryggi og framkomu einnig í þolinmæði og tillitssemi í garð hvors annars.
- **Tækifæri til umbóta:** Við erum mjög ánægð hvað við höfum náð að vinna vel með hópinn í vetur en það er líka hversu frábær og áhugasöm þau eru til vinnu. En við munum samt vinna áfram með félagsþroskan því hann skiptir öllu máli í lífinu.

Mat barnanna:

Þetta árið ákváðum við að meta líðan barnanna á deildinni, því það skiptir svo miklu máli að manni líði vel þar sem maður er til þess að myndað traust, eignast vin og geta lært. Því ef manni líður ekki vel þar sem maður er þá á maður erfitt með að mynda tengsl og læra. Við gerðum það með því að leggja fyrir þau spurningar um líðan þeirra við hinar ýmsu aðstæður yfir daginn eins og „hvernig líður þér þegar þú kemur í leikskólann“ og „hvernig líður þér þegar þú ferð heim“. Einnig við leiki á hinum ýmsu svæðum, bæði inni og úti. Börnin merktu sjálf við á sínum blöðum með því að krossa við hin ýmsu svipbrigði á brosköllum en hægt er að velja um:

- Rosalega vel
- Vel
- Allt í lagi
- Illa
- Rosalega illa





Svör barnanna voru þau að þeim líður oftast rosalega vel, vel og allt í lagi við flest allar aðstæður en þó voru einhver þeirra sem líður ekki eins vel við sumar aðstæður og þar komum við fullorðna fólkið inn í og breytt því þannig að þeim líði betur.

Þessi svæði sem komu verst út voru

- Fara heim, illa 1.barn og rosalega illa 1.barn
- Gera verkefni, illa 1.barn
- Í fataklefa, illa 1.barn og rosalega illa 5.börn
- Koma í leikskólann, illa 1.barn
- Vera á kubbasvæði, illa 3.börn og rosalega illa 1.barn
- Í dúkkukrók, illa 1.barn og rosalega illa 1.barn
- Í samverustund, illa 2.börn
- Í drekkutíma, rosalega illa 1.barn

Það var forvitnilegt að sjá útkomuna úr þessari könnun en nauðsynleg því við viljum að öllum líði vel í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur á deildinni.





Umbótaþættir Huldustein n Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlan	Ábyrgðara ðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir ?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Barnasáttmáli	2-Öll börn eru jöfn 13-Frelsi til að deila hugmyndum sínur	Allir eru jafnir þótt þau séu ekki eins. Allir mega segja sínar skoðanir og koma fram með sínar hugmyndir og það þarf að hlusta á alla	Sept 2025 – maí 2026	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman með börnunum í samveru og starfsfólki á deildarf. Í framsögn fá allir tækifæri til að koma með sínar skoðanir og segja frá	Að börnin viti og kunni réttindi sín samkvæmt Barnasáttmálanum
Tónlist	Að nota tónlistina meira heldur en við höfum	Með því að kynna fyrir þeim ýmis konar tónlist og	Sept 2025 – maí 2026	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman og meta á deildarf. hvernig gengur	Að markmiði okkar er náð þegar við





	gert eins og t.d. mála, syngja, dansa og nota hljóðfæri	hvernig er hægt að nota hana á margvíslegan hátt				notum tónlistina við ýmiskonar tækifæri og börnin eru ánægð í listinni
Lífsleikni	Að blanda andlegri og líkamlegri vellíðan saman, einnig að vinna með styrkleikana	Gera ýmis konar æfingar sem auka vellíðan barnanna og hugarfrelsinna - Spjöldin. Skifta börnunum í minni hópa	Sept 2025 – maí 2026	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarf. hvernig gengur. Líka spyrja börnin hvernig þeim líður	Að börnunum líður betur í eigin skinni, bæði andlega og líkamlega og skilji og noti hugtökin úr hugarfrelsinni
Útinám/ umhverfis læsi	Að fara í markvissar útinámsferðir og að efla börnin í umhverfis læsi í leiðinni. Eykur einnig orðaforða	Að vekja athygli barnanna á læsi í umhverfinu hvort sem er stafir eða tölustafir einnig breytingum í náttúrunni	Sept.2025- maí 2026	Allir starfsmenn Huldusteins	Starfsmenn nota deildarf. til að spjalla um hvernig gengur og einnig koma börnin að matinu	Að börnin eru orðin öruggari og læs á umhverfið sitt. Einnig að þau þekki náttúruna betur





		eins og mismunda ndi tegundum trjáa og fugla				
--	--	---	--	--	--	--

Félagsfærni Gildin 3, gleði, virðing og vinsemd	Að gera börnin að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum, læra að taka tillit til annarra, vera þolinmóð og góðir vinir	Sept 2025 – maí 2026	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarf. Hvernig gengur. Líka spyrja börnin hvernig þeim líður	Að börnunum líður betur í eigin skinni, orðin öruggari bæði andlega og líkamlega Og þar af leiðandi taka tillit til annarra. Því ef maður er öruggur með sjálfan sig þá kemur maður betur fram við aðra
--	---	----------------------	-----------------------------	---	---





5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Við náðum að bjóða öllu starfsfólki upp á starfsþróunarsamtöl og nýju starfsfólki upp á viðtöl samkvæmt móttökuáætlun nýliða.

Fræðsla starfsfólksins fer aðallega fram á skipulagsdögum og í undirbúningstímum.

Áhersla á fræðslu á næsta skólaári verður

- Skráningar á námi barna og hvernig þær nýtast í námi og starfi barnanna.
- Fræðsla á móttöku barna með fjölbreyttan tugumála og menningarbakgrunn.
- Ráðstefna Leikur og samskipti
- Upprifjunarfræðsla tengd Regnbogavottun
- Fræðsla við gerð nýrra skólanámsskrár.

6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Fundur skólastjórnenda og eða kennara. Þar sem eftirfarandi þættir eru í brennidepli:

- Mat á samstarfi yfirstandandi skólaárs.
- Samstarfsáætlun næsta skólaárs.
- Afhending upplýsinga milli skólastiga
- Skipulagsdagar **og uppbrotisdagar** samræmdir

7 Foreldrasamvinna

Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi skólaári. Það er markmið okkar að styðja við foreldrasamstarf leikskólans. Virkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og inngilda alla hópa.

Á haustin eru kynningarfundir, á þeim er farið yfir vetrarstarfið og áherslur leikskólans. Við ætlum að vera með einn fund fyrir öll og bjóða stjórn foreldrafélagsins að vera með aðalfund á sama tíma.





8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

26. ágúst

7. október

24. nóvember

2. janúar

6. febrúar

21. maí

9 Fylgiskjöl

9.1 Umsögn foreldraráðs

9.2 Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Reykjavíkurborgar

9.3 Læsisstefna

9.4 Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi veturinn 2024-2025

F. h. leikskólans

Ingibjörg Brynjarsdóttir 1/9 2025
Leikskólastjóri Dagsetning





Fylgiskjal 9.1

Starfsáætlun 2025 – 2026 Furuskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Auður Anna Aradóttir Pind

Marteinn Briem

Alexandra H.L. Jóelsdóttir





Reykjavík
25.09.2025

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Áherslur starfsáætlunar samræmast vel starfi leikskólans síðasta árs.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er aðgengileg og var send meðlimum foreldraráðs til yfirlestrar. Hún er auðlesanleg og veitir foreldrum mikilvæga innsýn inn í nám barna sinna á leikskólanum.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin 2025 - 2026 líkt og undanfarin ár uppfyllir öll þau atriði sem kveðið er á um að séu til staðar í leikskólastarfinu. Það er okkar mat að faglegt starf er unnið á leikskólanum og áherslur starfsins samræmast vel skólanámskránni þar sem hagsmunir barna eru settir í forgang. Áætlunin veitir góða innsýn inn í starf leikskólans fyrir foreldra.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð hefur engar athugasemdir við starfsáætlun 2025-2026.

Fulltrúar í foreldraráði:

Auður Anna Aradóttir Pind

Auður Anna Arad. Pind

Alexandra H.L Jóelsdóttir

Alexandra H. L. Jóelsdóttir

Marteinn Briem

Marteinn Briem





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.







Fylgiskjal 9.2



Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Reykjavíkurborgar





Inngangur

Sveitarfélag Reykjavíkurborgar kappkostar að vera fyrirmyndar vinnuveitandi og eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem allt starfsfólk nýtur jafnræðis og hver starfsmaður er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu. Hjá vinnustöðum Reykjavíkurborgar er litið á mannauðinn sem mikilvægustu auðlindina. Með það að leiðarljósi leggja leikskólar í Reykjavík áherslu á að vanda móttökur nýliða með markvissri móttökuáætlun með það að markmiði að stuðla að árangri og starfsánægju þeirra á nýjum vinnustað.

Markviss nýliðaþjálfun tryggir að nýtt starfsfólk komist hratt og vel inn í starfið og að það viti til hvers er ætlast af því og hvað þarf til að ná árangri í starfinu. Með því er starfsfólki gefinn kostur á að þróast í sínu hlutverki innan vinnustaðarins og fullnýta þekkingu sína og færni.

Markmið móttökuáætlunarinnar er að stuðla að árangursríkri móttöku starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar með því að:

- viðhafa fagleg og markviss vinnubrögð við móttöku nýliða.
- stuðla að því að starfsfólk öðlist persónulegan og faglegan styrk, verði öruggt og óhrætt við að leita sér upplýsinga.
- auka vellíðan starfsfólks við upphaf starfsferils þannig að það verði hluti af sterkum faghópi innan leikskólans.

Með góðri móttöku og fræðslu í upphafi starfs er hægt að auka öryggi, ánægju og áhuga í starfi hjá nýju starfsfólki og þar með stuðla að gæðastarfi í leikskólum Reykjavíkurborgar, börnum til heilla.

Velkomin til starfa í leikskóla Reykjavíkurborgar





Móttökuáætlun - verkferlar

Í þessari móttökuáætlun er að finna eftirfarandi:

- Væntingar og kröfur
- Fyrsta samtal - leikskólastjóri
- Annað samtal - deildarstjóri
- Þriðja samtal - stjórnendur leikskólans
- Sjálfsmat nýliða og deildarstjóra
- Fjórdá samtal - stjórnendur leikskólans
- Mat á móttökuáætlun - stjórnendur leikskólans

Væntingar og kröfur

Það er ábyrgðarmikið starf að vinna með börnum á leikskólaaldri og við leggjum ríka áherslu á að starfsfólk leikskólans leggi sig fram í starfi og sé tilbúið að takast á við þær áskoranir sem í leikskólastarfinu felast. Hér fyrir neðan eru nokkrir punktar sem vert er að hafa í huga þegar þú hefur störf.

- Að þú sért stundvís og reglusamur
- Að þú virðir þagnarheit
- Að þú sýnir ábyrgð í starfi
- Að þú kynnir þér skólanámskrá leikskólans
- Að þú kynnir þér skipulag deildarinnar og fylgir því eftir
- Að þú leitir upplýsinga og sýnir eftirtekt
- Að þú sýnir frumkvæði í að leita þér verkefna
- Að þú sinnir daglegu starfi þínu og sért virkur í starfi
- Að þú vandir málfar þitt
- Að þú sýnir börnunum virðingu og áhuga
- Að þú takir leiðbeiningum vel
- Að þú kynnir þig fyrir
 - börnum
 - starfsfólki
 - foreldrum
- Að þú kynnir þér
 - vellíðan og öryggi í leikskólastarfi, [handbók](#) fyrir leiðbeinendur.
 - námskrá leikskólans
 - stefnu leikskólans
 - öryggisreglur leikskólans
 - dagskipulag deildarinnar
 - vinnufyrirkomulag deildarinnar





Fyrsta samtál - Ráðningarsamtal

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri

Fer fram: Í fyrstu viku nýliða

Áætluð dagsetning: _____

Nafn nýliða: _____

Nafn stjórnanda: _____

Gátlisti fyrir leikskólastjóra

Dagsetning: _____

Almennar upplýsingar

Helstu upplýsingar um leikskólann s.s. stærð, barnafjölda, o.fl.	Matmálstímar – fæði frítt
Ráðningarsamningur/upsagnarfrestur	Stundvísi
Leyfi vegna sakaskrár	Veikindi og fjarvera – tilkynning
Þagnarheit/drengskaparheit	
Laun	Notkun GSM síma
Skattkort	Kaffitímar/neysluhlé
Vinnutími	Undirbúningstímar
Vinnustund	Reglur vegna barna starfsmanna
Vinnustytting/36 stunda vinnuvika	Reglur um tóbaks og lyfjanotkun
Trúnaðarmaður - stéttarfélag	Lögbundnir frídagar
Tilkynningarskylda	Stefnur og markmið/áherslur skólans
Starfslýsing - undirritun	Viðverustefna Reykjavíkurborgar
Starfsvottorð frá fyrrum vinnuveitanda	Siðareglur kennara
Allar stöður eru leikskólakennarastöður	Fundir
Allir eru ráðnir í leikskólann, ekki á deild	Skipulagsdagar
Afhenda starfsmannahandbók	Hlutverk deildarstjóra/staðgengla
Tækni mál	Kynning á nýliða
Afhendir lykil af skáp til einkanota	Kynna nýliða fyrir starfsfólki leikskólans





Tölvukerfi/Tölvupóstur/netfang	Kynna húsakynni og garðinn
Afhendir aðgangskort, ef við á	Öryggisatriði
Afhendir vinnufatnað	Rýmingaráætlun, sjúkrakassi
Notkun rafrænna skilríka	Öryggistrúnaðarmaður
Sendi slóð á afsláttarskírteini	Nefndir t.d. öryggisráð, áfallaráð
Hvaða væntingar hefur starfsmaður til starfsins?	
Undirskrift nýliða:	Undirskrift stjórnanda:
Annað samtal - Gátlisti deildarstjóra	
Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri nýliða	
Fer fram: Eftir tvær vikur í starfi	
Áætluð dagsetning: _____	
Nafn nýliða: _____	
Nafn deildarstjóra: _____	
Gátlisti fyrir deildarstjóra	Dagsetning: _____
Deildarstjóri ber ábyrgð á að kynna nýliðanum fyrir starfsemi deildarinnar og fer það fram fyrstu vikuna samkvæmt gátlista	
Daglegt starf:	
Dagskipulag deildarinnar og venjur innan leikskólans	Fyrirkomulag neyslhlés/kaffitíma og almenn umgengi
Fjöldi og aldur barna á deildinni	Rýmingaráætlun
Upplýsingar um öryggisatriði hvað varðar börnin <ul style="list-style-type: none"> - Ofnæmi (bráðaofnæmi) - Fötlun 	Fyrstu viðbrögð við slysum - slysaskráning





	- Aðstæður og annað sem mikilvægt er að nýliðinn viti		
	Skráning og viðvera barnanna, öryggisupplýsingar		Samskipti við foreldra
	Kynna nýliða fyrir foreldrum		Hvernig er svarað í símann á deildinni
	Æskileg framkoma og viðbót við börnin		Undirbúningstími og verkefni sem eru unnin í honum
Nýliði lesi og kynni sér:			
	Vellíðan og öryggi í leikskólastarfi, handbók fyrir leiðbeinendur		
	Starfsmannahandbók/Gæðahandbók		
	Heimasíða leikskólans		
	Annað? Athugasemdir.		
Undirskrift nýliða:		Undirskrift stjórnanda:	





Þriðja samtal - Líðan í starfi

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur leikskólans

Fer fram: Eftir fjórar vikur í starfi

Áætluð dagsetning: _____

Nafn nýliða: _____

Nafn stjórnanda: _____

Umræður við stjórnanda

Fyrir þriðja samtal skal nýliðinn hafa kynnt

sér: *Vellíðan og öryggi í leikskólastarfi,*
handbók fyrir leiðbeinendur

Dagsetning: _____

Umræðupunktur:

Hvernig gengur og hvernig líður þér í vinnunni?

Finnst þér þú fá nægar upplýsingar um starfið og svör við þeim spurningum sem þú hefur spurt?

Færðu stuðning og leiðsögn á deildinni? Frá hverjum?

Hefur þér verið kynnt skipulagið á deildinni og hvernig gengur að fylgja því?

Í hvaða verkefnum gengur þér best?

Hvaða verkefni finnst þér mest krefjandi?

Hefur starfið og vinnustaðurinn staðið undir væntingum þínum?

Umræður og ígrundun um Vellíðan og öryggi í leikskólastarfi. Handbók fyrir leiðbeinendur.

Hvernig ganga samskiptin við?

- börnin
- samstarfsfélaga
- foreldra





Hvernig gengur að fara eftir dagskipulagi? <ul style="list-style-type: none">- borðhald- leiktími inni og úti- fataklefi- samverustundir- hvíldartími- hópastarf- annað	
Undirskrift nýliða:	Undirskrift stjórnanda:





Sjálfsmat nýliða

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur leikskólans og nýliði

Fer fram: Eftir sex vikur í starfi

Áætluð dagsetning: _____

Nafn nýliða: _____

Nafn stjórnanda: _____

Sjálfsmat nýliða

Nýliði fyllir út sjálfsmatið í einrúmi og afhendir stjórnendum.

Dagsetning: _____

Já	nei	
		Ég er stundvís
		Ég virði þagnarheit og trúnað
		Ég er ábyrg/ur/t í starfi
		Ég hef kynnt mér skipulag deildarinnar og fylgi því
		Ég leita eftir upplýsingum og sýni eftirtekt
		Ég sýni frumkvæði í starfi og fæ tækifæri til þess
		Ég er virk/ur/t í starfi og sinni daglegum störfum
		Mér gengur vel að sinna skipulögðu starfi
		Mér gengur vel að sinna borðhaldi með börnunum
		Mér gengur vel að fylgjast með og leiðbeina í frjálsa leiknum
		Mér gengur vel að vanda málfar mitt við alla aðila
		Ég sýni börnunum áhuga og virðingu
		Ég tek leiðbeiningum og leiðsögn
		Ég hef kynnt mig fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum
		Ég hef kynnt mér námskrá leikskólans
		Ég hef kynnt mér stefnu leikskólans
		Ég hef kynnt mér öryggisreglur leikskólans





		Ég hef kynnt mér ofnæmi barnanna
		Ég hef kynnt mér rýmingaráætlun leikskólans
		Ég hef kynnt mér viðbrögð við slysum
Undirskrift nýliða:		Undirskrift stjórnanda:





Mat deildarstjóra á nýliða		
Ábyrgðaraðilar: Deildarstjóri og stjórnendur leikskólans		
Fer fram: Eftir sex vikur í starfi		
Áætluð dagsetning: _____		
Nafn nýliða: _____		
Nafn deildarstjóra: _____		
Mat deildarstjóra á nýliða		Dagsetning: _____
Deildarstjóri fyllir út mat á nýliða og afhendir stjórnendum. Stjórnendur halda matsblöðunum eftir hjá sér. Í fjórða samtali er farið yfir niðurstöður matsins		
Já	nei	Nýliði:
		Er stundvís
		Virðir þagnarheit og trúnað
		Er ábyrg/ur/t í starfi
		Hefur kynnt sér skipulag deildarinnar og fylgir því
		Leitar eftir upplýsingum og sýnir eftirtekt
		Sýnir frumkvæði í starfi og fær tækifæri til þess
		Er virk/ur/t í starfi og sinnir daglegum störfum
		Gengur vel að sinna skipulögðu starfi
		Gengur vel að sinna borðhaldi með börnunum
		Gengur vel að fylgjast með og leiðbeina í frjálssa leiknum
		Vandar málfar sitt við alla aðila
		Sýnir börnunum áhuga og virðingu
		Tekur leiðbeiningum og leiðsögn
		Hefur verið kynnt/ur fyrir foreldrum á deildinni
		Ég hef upplýst nýliðann um:





	Námskrá leikskólans
	Stefnu leikskólans
	Öryggisreglur leikskólans
	Börn með ofnæmi
	Rýmingaráætlun leikskólans
	Viðbrögð við slysum
Undirskrift nýliða:	Undirskrift stjórnanda:





Fjórða samtál – úrvinnsla eftir mat deildarstjóra á nýliða og sjálfsmati nýliða

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur leikskólans

Fer fram: Eftir sjö vikur í starfi

Áætluð dagsetning: _____

Nafn nýliða: _____

Nafn stjórnanda: _____

Eftir mat deildarstjóra og sjálfsmat nýliða

Dagsetning: _____

Gerð umbótaáætlun ef þörf þykir og
áframhaldið rætt

Hvernig kom matið út?

Hver er upplifun starfsmannsins af útkomu matsins?

Tillögur að umbótum (ef þörf krefur):





Annað:

Undirskrift nýliða:

Undirskrift stjórnanda:





Mat á móttökuáætlun

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur leikskólans

Fer fram: Eftir fjórða samtali

Áætluð dagsetning: _____

Nafn nýliða: _____

Nafn stjórnanda: _____

Niðurstöður verða notaðar til að umbóta á
móttökuáætluninni

Dagsetning: _____

Hver var upplifun þín af því að hefja störf í leikskólanum?

Hvað fannst þér gott við móttökuferlið?

Hvað hefði mátt betur fara í móttökuferlinu?

Telur þú þig vera tilbúna/tilbúinn/tilbúið fyrir starfið?

Annað:





Undirskrift nýliða:	Undirskrift stjórnanda:






Fylgiskjal 9.3

Læsisstefna leikskóla í Norðurmiðstöð

Læsi er ekki einungis hægt að ramma inn í orð og hefðbundinn lestur. Læsi er mikilvægt og margslungið fyrirbæri sem rækta má á ýmsan hátt. Margar leiðir eru nýttar í leikskólastarfi til að auka læsi barna; læsi sem umbyltir hugsun og þroska og fær börn til að skilja betur nærumhverfi sitt og mannlegt samfélag. Í læsi felst skilningur á ýmsum þáttum í lífi okkar. Við lesum í umhverfið, náttúruna, samskipti, mismunandi áferðir í skapandi starfi, lærum ný orð og æfum okkur að skrifa og þekkja máhljóðin okkar. Læsi er einfaldlega allsstaðar!

Hvernig vinnum við með læsi ?



Sjáðu hvernig við vinnum!



Lestu meira!





Fylgiskjal 9.4

Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi veturinn 2024-2025

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga.

Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

Þriðjudagur 15. október

Nemendur úr 1.bekk Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn fyrir hádegi. Svava Björk aðstoðarskólalastjóri ræðir við umsjónarkennara um tímasetningu og hópaskiptingu og verður í sambandi við leikskólalastjóra/deildarstjóra á leikskólunum.

Mánudagur 4.nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Furuskógi** heimsækja Fossvogsskóla og labba um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólalastjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Þriðjudagur 5. nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Kvistaborg** heimsækja Fossvogsskóla og labba um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólalastjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Um miðjan nóvember

Fundur vegna lesskímunar að þeim loknum. Tímasetning ákveðin er nær dregur. Æskilegt er að umsjónarkennarar, deildarstjórar, deildarstjóri fagstarfs mæti á fundinn.

Um miðjan nóvember

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur í samráði við alla aðila. Nemendur undirbúa sjálfir heimsóknina, velja bækur sem þau telja að henti fyrir börnin og þau hafi áhuga á. Umsjónarkennarar aðstoða við valið.

9.-13.des

Fossvogsskóli býður börnunum úr leikskólanum á battó jól. Nánari dagsetning ákvörðuð eftir veðri. Svava Björk sér um upplýsingagjöf varðandi tímasetningu og látum vita deginum áður. Vinabekkur leikskólalabarnanna er 6.bekkur og væri því kjörið að vera með þeim á battó jólum.





- Febrúar** Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Heimsóknin er góð æfing fyrir Stóru upplestarkeppnina. Svava Björk sér um að ákveða tímasetningu í samráði við leikskólana og umsjónarkennara.
- 18. mars** **Heimsókn í 1.bekk:** Börn úr Kvistaborg koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunvesti með þeim og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).
- 19. mars** **Heimsókn í 1.bekk:** Börn úr Furuskógi koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunvesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).
- 7.-10.apríl** Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma í íþróttir í Fossvogsskóla með 1. bekk, fara Fossóhringinn og taka þátt í íþróttatíma. Íþróttatíminn hefst klukkan 10:10. Byrja úti, fara svo inn, fer eftir veðri. Svava Björk heldur utan um skipulag á tímasetningum og upplýsa alla aðila.
- maí** Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma og horfa á sal hjá nemendum í 1. bekk. Hafa samband tímanlega til að ræða og fá tímasetningu.

Æskilegt er að skipulagið haldi sér, ef þörf er á að breyta tímasetningum skal það gerast í tíma nema óviðráðanlegar aðstæður komi upp 😊 Allir aðilar leggja sig fram um að upplýsa um forföll ef þau koma upp.

